

Emil Örn Moravek Jóhannsson  
Grenimelur 27  
Reykjavík

Vestmannaeyjum 4. júlí 2017  
UST201706-024/Þ.V.B.  
09.06.01

### **Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Emils Örn Morávek fyrir hönd Gullslottið. 2. júní 2017, vegna leyfis til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs á tímabilinu 10. júlí til 1. ágúst 2017 vegna verkefnisins Kona fer í stríð.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing framkvæmdar:**

Tökurnar fara fram suðaustanmegin við Helgafell, meðfram línuveginum til norðausturs og í hlíðum Helgafells og mosavaxinni hraunbreiðu þar við. Um er að ræða fjóra tókustaði með mismiklu umstangi. Mottur og pallar verða setir undir tókulið svo mosi skerðist ekki á þeim stöðum sem þörf er á að staðsetja kvikmyndatökulið og leikara í mosavöxnu hrauni. Til stendur að koma fyrir píanói í hrauninu fyrir eina senuna. Til þess að koma því fyrir verður notaður skotbómulyftari sem staðsettur yrði á línuveginum. Bifreiðum, þjónustubúðum og salernum á hjólum verður lagt á vel völdum stað innan. Dróni verður notaður á tveimur tókustöðum í um 30-60 metra hæð. Að tókunum koma 60 manns þar af 40 manna tókulið. Kvikmyndatökurnar taka 5 daga sem dreifast á tímabilið 10. júlí til 1. ágúst.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnum metur tökurnar ekki líklegar til að skerða verndargildi svæðisins sé þess gætt að rask á gróðri verði haldið í lágmarki.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti tókur við Helgarfell innan Reykjanesfólkvangs skv. verklýsingu í umsókn umsækjanda, í 5 daga á tímabilinu 10. júlí-1. ágúst 2017 að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókur hefjast og þegar frágangi líkur.
- Skila skal inn tókuplani til Umhverfisstofnunar a.m.k. sólahring áður en tókur fara fram á svæðinu svo hægt sé að meta þörf á eftirliti þann daginn.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
- Koma skal fyrir merkingum við Helgarfell að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.

- Gæta skal að mengunarvörnum bifreiða og þess gætt að mengandi vökvar berist ekki í jarðveg.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökunar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Lagfæra skal allt rask á mosa að tókum loknum.
- Nota skal mottur og palla undir leikara, leikmuni og tókulið þar sem nauðsynlegt er að fara út í hraunið. Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á mosanum utan palla og motta eftir því sem kostur er og forðast rask.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tukur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir tókunum. Sækja þarf um leyfi til Hafnarfjarðarbæjar fyrir tókunum. Leyfi gæti þurft fyrir drónatökunum hjá Samgöngustofu.

### **Leyfisgjald**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð. Gjaldið er 52.600, sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

### **Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með framkvæmdinni og frágangi á svæðinu. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.


Umhverfisstofnun leggur áherslu á eftirfarandi atriði þegar kemur að notkun flygilda innan friðlýstra svæða og er óskað eftir umsækjandi fari eftir:


- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu og finna og endurheimta verður loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara. Í sértækum reglum um flugvélalíkon (sem ná einnig til ómannaðra loftfara og finna má í Flugmálalíkon (AIP) Íslands, ENR 1.1.10) kemur m.a. fram að einstaklingur eða fyrirtæki sem óskar eftir að starfrækja ómannað loftfar skal sækja um leyfi til slíkrar starfrækslu til Samgöngustofu ef loftfarið er yfir 5 kg að heildarþyngd eða

- knúið áfram af eldflaugum. Einnig þarf leyfi Samgöngustofu ef loftfarið er knúið áfram af brunahreyflum og flogið er innan 1,5 km frá íbúðarhúsa- eða flugvallarsvæðum.

Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsðóttir  
Sviðstjóri

  
Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
Sérfræðingur